



Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
150 Reykjavík.

Seyðisfirði 30. maí 2006  
*Alþingi*  
Erindi nr. P 132/2184  
komudagur 31. 5. 2006.

**Umsögn**  
**Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar**  
**Þskj. 1078- 742**

Svæðisráð vinnumiðlunar Austurlands tók frumvarpið fyrir á fundi sínum 17. maí sl.

Umsögn : þannig.

Svæðisráðið tekur undir áhyggjur margra varðandi skerta nærþjónustu við atvinnuleitendur í sveitarfélögunum , ef skráningarstaðir í landshlutunum verða lagðir niður.

Skráningarstaðirnir hafa verið öflug og nauðsynleg nærþjónusta við atvinnuleitendur .

Í landshluta eins og Austurlandi þar sem fjarlægðir eru miklar milli byggðarlaga skerðist nærþjónustan mikið.

Það er því ekki í takt við áherslur sveitarfélaganna og ríkisvaldsins ,sem leggja mikla áherslu á stórbætta nærþjónustu við íbúana.


Svæðisráðið hefur efasemdir um að leggja niður starfandi úthlutunarnefndir í landshlutunum.

Gert er ráð fyrir því að efla ráðgjafarþátt svæðisvinnumiðlana í landshlutunum sem er jákvætt.

En ekki verður séð hvernig hægt er að ætlast til að þær geti sinnt allri þeirri nærþjónustu sem verið hefur ,en hverfur nú ,þegar skráningarstaðir og úthlutunarnefndir í landshlutunum verða ekki lengur til staðar .

Skýra þarf mun betur útfærslur þessara atriða í frumvarpinu.

f.h. Svæðisráðs vinnumiðlunar Austurlands

  
-----  
Þorvaldur Jóhannsson.